

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga

19. desember 2018

Efni: Starfshópur um endurskoðun kosningalaga tekur til starfa – óskað athugasemda.

Hinn 24. október 2018 skipaði forseti Alþingis starfshóp um endurskoðun kosningalaga til að fara yfir tillögur vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga ásamt frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi 5. september 2016, með tilliti til hagkvæmni og skilvirkni. Jafnhliða skal starfshópurinn karna kosti þess að setja heildarlöggjöf um framkvæmd allra almennra kosninga, er taki til kosninga til Alþingis, kosninga til sveitarstjórnar, frambods og kjörs forseta Íslands og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Loks skal starfshópurinn skoða eftir því sem tími og aðstæður leyfa kosti rafrænnar kjörskrá. Miðað er við að starfshópurinn skili tillögum sínum í formi lagafrumvarps 1. desember 2019.

Í starfshópnum sitja Bryndís Hlöðversdóttir, lögræðingur og ríkissáttasemjari, sem jafnfram er formaður hópsins, Þórir Haraldsson, lögræðingur, tilnefndur af landskjörstjórn, Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson, lögræðingur, tilnefndur af dómsmálaráðuneyti, Magnús Karel Hannesson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Ástriður Jóhannesdóttir, lögræðingur og svíðsstjóri stjórnsýslusviðs Þjóðskrár Íslands, tilnefnd af Þjóðskrá Íslands.

Starfshópurinn leggur áherslu á greiða upplýsingajöf um vinnu hans og gott samráðsferli. Þannig er gert ráð fyrir að starfshópurinn skuli við undirbúning tillagna sinna eiga samráð við fulltrúa þingflokkum endurskoðun kosningalaga. Þessu til viðbótar verður boðið upp á samráðsferli í upphafi og lok vinnurnar auk samráðs við helstu hagsmunaaðila.

Til að tryggja breiða aðkomu að endurskoðun kosningalaga gefst kostur á að koma athugasemduum á framfæri um efnið nú á fyrstu stigum vinnunnar. Einkum er þar vísað til þeirra hugmynda sem nú þegar liggja fyrir og hópnum er ætlað að leggja til grundvallar í sínum störfum, þ.e. tillögur vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga frá 2016, sem finna má á vefsíðu Alþingis. Þá er sérstaklega óskað eftir athugasemduum við þá hugmynd að sett verði heildarlöggjöf um framkvæmd kosninga, er taki til kosninga til Alþingis, kosninga til sveitarstjórnar, frambods og kjörs forseta Íslands og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Á síðari stigum verður óskað eftir athugasemduum við frumvarpsdrög starfshópsins áður en tillögum hópsins verður skilað til Alþingis.

Vinsamlegast sendið athugasemdir til lagaskrifstofu Alþingis á netfangið kosningalog@althingi.is fyrir 22. janúar 2019. Fylgjast má með störfum starfshópsins á sérstöku vefsíðu: <https://www.althingi.is/thingnefndir/adrar-nefndir/kosningalog/>.

Virðingarfyllst,



Bryndís Hlöðversdóttir, formaður starfshóps
um endurskoðun kosningalaga

